



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 9. janúar 2024
FAS24010012

Borgarráð

Tillaga um útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir janúar til desember 2024

Lagt er til borgarráð samþykki að útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verði á eftirfarandi dagsetningum árið 2024:

24. janúar	14. ágúst
14. febrúar	18. september
6. mars	30. október
3. apríl	13. nóvember
22. maí	4. desember
26. júní	

Ekki verður ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn eða í hvaða skuldabréfa flokki er boðið út í heldur er sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga fjármála- og áhættustýringarsviðs ásamt greinargerð, dags. 8. janúar 2024.



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Unnið af: Skrifstofu fjárstýringar og innheimtu

FAS24010012

8. janúar 2024

Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir janúar til desember 2024

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á tímabilinu janúar til desember 2024:

24. janúar	14. ágúst
14. febrúar	18. september
6. mars	30. október
3. apríl	13. nóvember
22. maí	4. desember
26. júní	

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán fyrir allt að 16.500 m.kr. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, með útgáfu á nýjum skuldabréfaflokkum eða með öðrum hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum hverju sinni.

Útgáfuáætlun er lögð fram til að auka fyrirsjáanleika á markaði en Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að bregða út af þessari áætlun, fella niður útboð og/eða bæta við útboðsdögum. Útgáfuáætlunin nær frá janúar til desember 2024.

Einungis eru ákveðnar dagsetningar útboða en ekkert nánar um fyrirkomulag hvers útboðs. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn, hvaða aðilar hafa umsjón með útboðum eða í hvaða skuldabréfaflokki er boðið út, heldur er sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimilt að ákveða fyrirkomulag útboðs í hvert sinn. Markaðsaðstæður, fjárþörf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð, daginn eftir útboð, til endanlegrar afgreiðslu og síðan kynntar opinberlega.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs